



Foreldrahandbók Frístundar

Gefin út 2024

Sóley Jóhannesdóttir

Innihald/efnisyfirlit

Um Frístundina.....	2
Opnunartími.....	2
Innritun – breytingar.....	2
Uppsögn.....	2
Sérstakir dagar (sjá töflu fyrir 2024-2025).....	2
Vikan fyrir skólasetningu.....	3
Öskudagur.....	3
Þolloween dagskrá.....	3
Tilkynningar.....	3
Veikindi/fjarvera barna.....	3
Aðrar Frístundir.....	3
Ef senda á barn fyrr heim.....	4
Mæting og brottför.....	4
Mæting.....	4
Brottför.....	4
Börnin.....	4
Útbúnaður/klæðnaður barna.....	4
Umhverfið okkar.....	4
Hressing.....	5
Samskipti við forstöðumann/starfsfólk.....	5
Símhringingar.....	5
Aðrar upplýsingar.....	5
Fjöldi.....	5
Mönnun í byrjun hausts.....	5
Sumarfrístund.....	6
Verðskrá 2024 Sumarfrístund.....	6
Viðauki.....	7
Gjaldskrá 2024.....	7
Tafla 1.....	8
Tafla 2.....	8
Tafla 3.....	9

Um Frístundina

Frístundaheimilið er starfrækt fyrir börn í 1. – 4. Bekk. Boðið er upp á bjóðum upp á fjölbreytt tólmstundastarf sem einkennist jafnt af skipulögðum sem og frjálsum leik. Leitast er eftir því að hafa starfið sem fjölbreyttast og skapa börnunum öruggt umhverfi í leik og starfi.

Þjónusta við börn með sérþarfir er skipulögð í frístundaheimilinu í samvinnu við foreldra, skóla og fagaðila sem tengjast börnunum.

Allar breytingar á vistun barns skal tilkynna til forstöðumanns.

Markmið okkar er að:

*Bjóða upp á skipulagða dagskrá og valtöflu þar sem öll börn ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og að hver einstaklingur fái að njóta sín.

*Bjóða upp á fjölbreytt starf og skapa börnunum skemmtilegt og öruggt umhverfi fyrir frjálsum og skipulagðan leik.

Í Frístund leiðbeinir starfsfólk börnum í leikjum, hópavinnu og ýmis konar verkefnum þar sem áhersla er lögð á vináttu og samvinnu.

Frístund er starfrækt í Suðurvör í Grunnskólanum í Þorlákshöfn. Þar hefur Frístund afnot af tveimur kennslustofum og einu minna rými sem kallast „Miðjan“ á milli stofanna. Frístund hefur afnot af íþróttahúsinu 1x í viku og einstaka sinnum nýtum við bókasafn og önnur rými skólans.

Símanúmer Frístundar: 699-6090

Tölvupóstur Frístundar: fristund@olfus.is

Tölvupóstur forstöðumanns: soleyj@olfus.is

Opnunartími

Frístundaheimilið er opið eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur kl. 13:10 til kl. 17:00 alla virka daga. **Frá og með 1. september lokar Frístund kl. 16:30 á daginn.** Á foreldradögum og starfsdögum er Frístund opin frá kl. 08:00 til kl. 16:00 og þarf að skrá barn sérstaklega á slíka daga þegar skráning fer í loftið. Frístund er lokað 3 starfsdaga á ári og eiga þeir að vera kynntir í upphafi hvers skólaárs.

Innritun – breytingar

Foreldrar skrá barnið sitt við upphaf skólaárs í gegnum microsoft forms sem er sent út í tölvupósti til foreldra fyrir skólasetningu. Þar fær Frístund allar helstu upplýsingar um barn, tíma í Frístund og hvort barn sé á æfingum eða tónlistarskóla.

Uppsögn

Ef þjónusta er sagt upp skal það gert fyrir 10. hvers mánaðar.

Sérstakir dagar (sjá töflu fyrir 2024-2025)

Sérstakir dagar Frístundar eru starfsdagar Frístundar, skertir og langir dagar

Langur dagur er þegar það er starfsdagur hjá kennurum og viðtalsdagar.

Daginn fyrir skólasetningu er lokað vegna starfsdags hjá Frístund.

Frístundaheimilið er lokað í haustfríi og vetrarfríi grunnskólans og á haustþingsdegi kennara. Þá er starfsdagur hjá starfsfólki Frístundar sem fer í skipulag og undirbúning.

Á viðtalsdögum er opið í Frístund en það þarf að skrá sérstaklega fyrir þann dag svo hægt sé að skipuleggja starfsfólk og dagskrá.

Vikan fyrir skólasetningu

Verðandi 1.bekk verður aðeins boðið að koma vikuna fyrir skólasetningu svo þau fái tíma og athygli til þess að kynna skipulagi Frístundar og svo starfsfólk fái að kynna krökkunum.

Verð:

Vikan fyrir skólasetningu er á sama verði og sumarfrístund. Sjá nánar í gjaldskrá Sveitarfélagsins Ölfuss.

Öskudagur

Öskudagur er venjulegur skóladagur og koma þau börn sem skráð eru í Frístund tilbúin í fjör.

Við hvetjum foreldra til að hópa sig saman með börnin og rölja í fyrirtæki. Í Frístund verður sér dagskrá þar sem við bjóðum upp á bíómynd, kósístund, popp, ávexti og grænmeti ásamt góðri síðdegisþessingu.

Þolloween dagskrá

Þolloween dagskrá Frístundar er bíómynd og popp fyrir öll börn sem vilja í 1.-4.bekk óháð því hvort barn er skráð í Frístund eða ekki.

Tilkynningar

Við biðjum foreldra/forsjáraðila að skipuleggja með barni sínu heimsóknir til vana fyrirfram enda er ekki gert ráð fyrir að börn hringi úr Frístund til að biðja foreldra um slíkt leyfi. Athugið að börnin eiga ekki að tilkynna forföll né að þau fari með vinum sínum heim. Það er alfarið á ábyrgð foreldra/forsjáraðila að láta okkur vita.

Veikindi/fjarvera barna

Mikilvægt er að hringja eða senda tölvupóst til að tilkynna um veikindi eða forföll barna.

Best er að láta vita fyrir klukkan 13:00, áður en Frístundastarf byrjar. Ef veikindi hafa verið tilkynnt til ritara þarf ekki að láta okkur sérstaklega vita.

Aðrar Frístundir

Foreldrar/forsjáraðilar bera ábyrgð á að láta r vita með æfingatíma barna í íþróttum ef á aðað senda barn á æfingu. Þessar upplýsingar þurfa foreldrar/forsjáraðilar að senda í tölvupósti eða á skráningarformi Frístundar en þar þarf að koma fram hvenær æfingin er, hvaða æfing það sé og hvort barn komi aftur eftir æfingu.

Foreldrar þurfa að láta vita ef æfing fellur niður, ef barn þarf ekki að mæta á æfingu eða ef einhverjar breytingar verða á æfingatíma. Við fáum þessar upplýsingar aðeins frá foreldrum/forsjáraðilum og því er mikilvægt að þið munið eftir að láta vita svo barnið sé ekki sent á á æfingu sem fallið hefur niður. Allar breytingar á æfingatíma þarf að tilkynna. Ef barn neitar að fara á æfingu eða grætur því það vill ekki fara, þá er það ekki neytt á æfingu en hringjum frekar heim og ræðum við foreldra/forsjáraðila.

Ef senda á barn fyrr heim

Best er að láta vita í síma eða tölvupósti fyrir klukkan 13:00, áður en Frístundastarf byrjar. Ekki er víst að við sjáum skilaboð/tölvupóst ef starfið er byrjað.

Vinsamlegast athugið að Frístund lokar klukkan 17:00. Frá og með 1.september lokar Frístund kl. 16:30 og þá eiga öll börn að vera farin úr húsi.

Mæting og brottför

Mæting

Starfmenn Frístundar taka á móti börnunum og sjá til þess að þau stimpli sig inn. Merkt er við þau á mætingarlista og fylgst með hvort öll börn hafi skilað sér í Frístundina

Brottför

Best er að gefa sér góðan tíma þegar barn er sótt. Börnin eiga að merkja á valtöflu hvar þau eru að leika en oft gleyma þau sér í gleðinni og leika sér annars staðar. Börnin eru merkt út á mætingarlista hjá starfsmanni. Þegar barn er sótt þurfa foreldrar/forsjáraðilar að láta starfsmann vita og kveðja.

Mikilvægt er að minna barnið á að skrá nafnið sitt út af valtöflunni þegar það er sótt. Þetta auðveldar starfsfólki að sjá hvert þeirra er farið og stuðla að öryggi allra.

Ef barn er sótt í skólann á sama tíma og Frístund er að byrja er mikilvægt að láta starfsfólk Frístundar vita ef vistuninni er breytt þann daginn.

Börnin

Útbúnaður/klæðnaður barna

Mikilvægt er að börn mæti klædd eftir veðri þar sem við leggjum áherslu á útiveru í okkar starfi og leik. Útivera er á hverjum degi. Ef barn er búíð að vera veikt og óskað er eftir að barn verði inni þegar útiveran er þá verða foreldrar að láta vita með því að senda skilaboði tölvupósti eða með öðrum hætti .

Í Frístund eru mörg börn og mikið um óskilamuni. Ef fötin eru merkt þá er starfsfólkið duglegt að setja fötin á snaga, í tösku eða hólfn barns. Ef fötin eru ómerkt eiga þau til að safnast saman og enda flest ósótt og einmana. Því hvetjum við foreldra/forsjáraðila til að merkja föt barna sinna og kíkja reglulega í óskilamuni í skólanum.

Umhverfið okkar

Við viljum biðja ykkur um hjálp við að hvetja börnin til þess að ganga frá eftir sig þegar þau eru sótt. Við mótum umhverfið og öllum líður betur í snyrtilegu umhverfi.

*Símar og símaúr eru **ekki** leyfilegir/leyfileg í Frístund. Við viljum að starfið einkennist af frjálðum leik útiveru og samveru með vinum Ef foreldrar/forsjáraðilar þurfa nauðsynlega að ná í börnin þá er starfsfólkið með síma Frístundar.

*Athugið að ef börn mæta með hjól, hlaupahjól, leikföng, pening, síma, pokemon/fótboltaspil eða annað þá er það alfarið á ábyrgð foreldra. Ef börn mæta á hjóli eða hlaupahjóli þá verða þau að vera með hjálm.

*Hrekkjavöku- og öskudagsbúningar/aukahlutir eru einnig á ábyrgð foreldra. Sniðugt er að sleppa því að senda þau með aukahlutina en þeir eiga til að týnast eða skemmast í ærslagangi þessa skemmtilegu daga.

Hressing

Frístund sér um að framreiða síðdegishressingu sem kemur úr eldhúsinu. Við reynum að hafa hressinguna sem fjölbreyttasta og fá börnin ávexti á hverjum degi og boðið er upp á vatn að drekka.

Sjá má í viðauka matseðil sem við förum eftir í samvinnu við eldhús skóla og leikskóla.

Samskipti við forstöðumann/starfsfólk

Ef foreldri/forsjáraðili þarf að ná tali af forstöðumanni þá er best að hafa samband fyrripart dags. Hægt er að senda tölvupóst, hringja fyrir hádegi eða bóka tíma í gegnum tölvupóst alla virka daga frá 10:00-16:00.

Símhringingar

Athugið að best er að hringja fyrir klukkan 13:00. Vinsamleg tilmæli til foreldra/forsjáraðila er að hringja ekki á milli 13:10-16:30 nema nauðsyn krefji. Við eigum erfitt með að svara símtölum á annatíma.

Aðrar upplýsingar

Fjöldi

Fjöldi barna í 1.-2.bekk á hvern starfsmann eru 13.

Fjöldi barna í 3.-4.bekk á hvern starfsmann eru 16.

Mönnun í byrjun hausts

Ef Frístund verður ekki fullmönnuð þegar vetrarstarf byrjar, þá er ekki hægt að taka inn allan hópinn. Mikilvægt er að hafa öryggi allra í fyrirrúmi. Ef til þess kemur að ekki er hægt að taka allan hópinn inn á sama tíma, verður það tilkynnt tímanlega til foreldra og forsjáraðila. 1. og 2.bekkur hefur forgang í Frístund ef aðstæður sem þessar koma upp.

Sumarfrístund

Sumarfrístund er kölluð Sumarfjör og er skipulögð af starfsfólki Sumarfrístundar og forstöðumanni. Skráning fer fram í gegnum sportabler til að halda utan um skráningu og upplýsingar um verð er á sama stað. Auglýsing fyrir Sumarfjör kemur inn á olfus.is og á íbúasíðu Þorlákshafnar.

Verðskrá 2024 Sumarfrístund

Boðið er upp á heilan dag eða hálfan dag í Sumarfjör.

Veittur er systkinaafsláttur, fyrir 2 börn er 30% afsláttur og fyrir 3 börn er 50% afsláttur. Ekki er hægt að nýta frístundarstyrk í Sumarfjör.

Í Sumarfjöri er reiknað með að séu um 30-35 börn og 5 starfsmenn. Í ferðum úti í Sumarfrístund er að hámarki 10 börn á starfsmann. Eins og síðustu ár er gert ráð fyrir að um 2-4 unglingar úr vinnuskólanum séu til aðstoðar. Þau eru ekki ábyrg fyrir krökkunum en aðstoða við leik.

Viðauki

Gjaldskrá 2024

Boðið er upp á fjóra vistunarmöguleika, til 14:00, til 15:00, til 16:00 og til 16:30. Einnig er boðið upp á sveigjanlegan vistunartíma. Hálf vistun er 10 klst á viku og er hægt að hafa tíma barns mismunandi eftir dögum. Heil vistun er 20 klst á viku og er einnig hægt að hafa tíma barns mismunandi eftir dögum.

Heil vistun til kl:

- 14:00 er 3.585 kr
- 15:00 er 7.315 kr
- 16:00 er 10.900 kr
- 17:00 er 17.825 kr
- Síðdegishressing er 165 kr hver dagur.
- Börn sem eru skráð í Frístund eru sjálfkrafa skráð í síðdegishressingu nema foreldrar/forsjáraðilar láti vita með annað.
- Veittur er 25% systkinaafsláttur með öðru barni og 50% með þriðja barni. Systkinaafsláttur nær yfir þjónustu Frístundar, leikskólaþjónustu og þjónustu dagforeldra. Ef barn er hjá dagforeldri og systkin þess á leikskóla/í Frístund er systkinaafsláttur veittur af leikskólagjaldinu/Frístundaheimilisgjaldinu. Foreldrum sem stunda dagnám er veittur afsláttur af gjaldi Frístundar og greiða þeir samkvæmt forgangsgjaldi sem er greiðsla fyrir börn einstæðra foreldra og nemur afslátturinn 30% af fullu gjaldi. Einstæðir foreldrar njóta ekki jafnframt námsmannaafsláttar. (Ath. Afsláttur af gjaldi Frístundar er aðeins veittur ef viðkomandi stundar nám sem er a.m.k. 24 ECTS einingar á önn). Sækja þarf um afsláttinn til skólastjóra fyrir skólaárið og leggja fram staðfestingu frá skóla um að viðkomandi hafi fengið skólavist og staðfestingu á fjölda eininga á önn. Afslátturinn fellur sjálfkrafa niður í lok maí. Sækja þarf um niðurfellingu fyrir 1. september, ásamt því að endurnýja fyrri umsóknir.).

Tafla 1

Sem sýnir sérstaka daga innan frístundarstarfs frá ágúst 2024 – júní 2025.

Taflan verður uppfærð fyrir hvert skólaár.

Dagsetning	Hvað?
15.-21.ágúst	Löng vika fyrir skólasetningu. Skráning á sportablar
22.ágúst	Skólasetning. Starfsdagur í Frístund, lokað
27.september	Haustþingsdagur kennara, starfsdagur í Frístund
17.október	Haustfrí, Frístund lokað
18.október	Haustfrí, Frístund lokað
30.október	Langur dagur, skráning fyrir daginn, opið 08:00-16:00
20.desember	Kertadagur, opnum fyrr.
21.des – 2.jan	Jólafrí, Frístund lokað.
3.janúar	Starfsdagur í skóla og Frístund er lokað
3.febrúar	Langur dagur, skráning fyrir daginn, opið 08:00-16:00
17. – 18. feb	Vetrarfrí, Frístund lokað
14. – 21.apríl	Páskafrí, Frístund lokað
24.apríl	Sumardagurinn fyrsti, Frístund lokað
1.maí	Verkalýðsdagurinn, Frístund lokað
2.maí	Lokað, sameiginlegur starfsdagur skóla, Frístundar og leikskóla.
4.júní	Langur dagur, skráning fyrir daginn, opið 08:00-16:00
5.júní	Skólaslit, Frístund opnar eftir skólaslit til lokunar. Skráning fyrir daginn.
6.júní	Lokað, starfsdagur fyrir sumarfrístund
10.júní	Sumarfrístund byrjar

Tafla 2

Matseðill sem Frístund og skólaeldhús fara eftir.

Matseðill Frístund – Grunnurinn.

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Samlokubrauð/ ristað brauð	Brauð með banana/epli	Flatökur og hrökkbrauð	Brauð með kjötáleggi	Afgangadagur. Hrökkbrauð og taka brauð úr frystinum.
Notast við samlokubrauð. Ostur og skinka	Smjör, ostur, bananar/epli,	Hangikjöt 1x í mánuði. Kæfa, ostur, kjötálegg	Kavíar 1x í mánuði. Egg, ostur og það sem er til.	1x í mánuði eitthvað öðruvísi. Eins og kaka, sætir snúðar/pizzasnúðar, möffins og þannig. Í samráði við Frístund

Álegg fyrir börn með ofnæmi	Álegg	Grænmeti/ávextir/annað sem væri gaman að fá
Violife smjör	Smjörvi	Gulrætur
Violife ostur	Ostur	Egg
Violife rjómaostur	Kotasæla til að prófa	Epli
Lifrakæfa í pylsu, Goða og SS	Kavíar (1x í mánuði)	Tómatar
Mjólurlaust kjötálegg	Hangikjöt (1x í mánuði)	Gúrka
	Kjúklingaálegg/kalkúnaálegg	Kál
Hrökkbrauð og kex sem er	Malakoff	Blómkál
Mjólurlaust.	Kæfa	Bananar
	Spægipylsa	Epli
	Smurostur	
	Mysingur (spari)	

Tafla 3

Skýringarmynd á vali sem krakkarnir hafa á hverjum degi vetrarfrístundar.

Val er breytilegt á milli daga og vikna. Þetta er sjónrænt val svo börnin geti séð hvað er í boði að hverju sinni.

